

Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni. FaMos.

Aðalfundur FaMos haldinn í Harðarbóli miðvikudaginn 20. maí 2021 kl. 20:00.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður stjórnar FaMos, Ingólfur Hrólffsson, bauð þátttakendur velkomna. Hann setti fundinn og tilnefndi Jónas Sigurðsson sem fundarstjóra og Snjólaugu Sigurðardóttur sem ritara. Það var samþykkt. Fundarstjóri sté þá í pontu og lýsti fundinn lögmætan. Hann renndi síðan yfir dagskrárliði fundarins.

2. Skýrslur stjórnar og nefnda

2.1 Skýrsla stjórnar

Formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

“Gerð er grein fyrir starfinu á árinu 2020 en ekki milli aðalfunda, enda aðalfundur á óeðlilegum tíma.

Árið 2020 var mjög óvenjulegt. Það byrjaði þó með hefðbundnum hætti, opið hús í janúar og aðalfundur 17. febrúar. Ingólfur Hrólffsson, formaður, Úlfhildur Geirsdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir voru kosin til tveggja ára. Jóhanna B. Magnúsdóttir og Bragi Steingrímsson voru kosin varamenn til eins árs. Áfram í stjórn sitja Margrét J. Ólafsdóttir og Kristbjörg Steingrímisdóttir. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Úlfhildur er varaformaður, Snjólaug ritari, Margrét gjaldkeri og Kristbjörg meðstjórnandi.

Stjórnin hélt 7 formlega fundi á árinu og nokkra óformlega. Stuttu eftir aðalfund eða í byrjun mars skall á með samkomutakmörkunum vegna covid-19. Þau sem fóru til Tenerife 4. mars sluppu naumlega en lentu í eins og hálf dags innilokun. Stjórnin var á tánum allt árið og velti því stöðugt fyrir sér hvað væri hægt að gera ef rofaði til. Það má segja að eingöngu íþróttastarfið hafi náð að halda úti nokkru starfi og á íþróttanefnd hrós skilið fyrir það.

Á miðju ári fékk Mosfellsbær styrk frá Félagsmálaráðuneytinu til eflingar félagsstarfs eldri borgara. FaMos var ætluð nokkur upphæð sem við ætluðum að nota til að halda veglega samkomu og fara í skemmtiferð. Því miður náðist þetta ekki á árinu, en vonandi getum við gert þetta seinna á þessu ári.

Nú er unnið að endurbótum á Hlégarði. Samkvæmt útboðsauglýsingu á þessum áfanga að ljúka 15. ágúst 2021. Vonandi endurheimtum við aðstöðuna þar í haust.

Stjórnarmenn FaMos sátu fundi Öldungaráðs, ýmist sem aðalmenn eða varamenn. Samin var stefna í málefnum eldri borgara og settir niður áherslupunktur. Okkur finnst hlutverk Öldungaráðs enn nokkuð óljóst og áhugi bæjaryfirvalda á starfinu lítill.

Formaður FaMos er varamaður í stjórn Landssambands eldri borgara, LEB. LEB starfar af miklum krafti að hagsmunamálum eldri borgara. Samskipti við ríkisvaldið eru mikil, þó hægt miði í flestu. Ekki hefur fengist leiðrétting á greiðslum Tryggingastofnunar, en þær hafa hækkað í samræmi við framfærsluvísitölu en ekki launavísitölu. Munar þar um 10% á síðastliðnum 4 árum. Á árinu voru þó samþykkt lög um leiðréttingu greiðslna til þeirra sem ekki hafa náð 40 ára búsetu á Íslandi. Illa hefur þó gengið að koma upplýsingum um þetta til þeirra sem eiga rétt á leiðréttingu, enda margir innflytjendur í þeim hópi sem eiga erfitt með að fylgjast með lagabreytingum. Einungis fjórðungur þeirra, sem taldir eru eiga rétt á leiðréttingu, hafa sótt um hana.

Nú eru um 650 félagar í FaMos. Það er varla nema helmingur þess hóps sem er komin á efri ár í sveitarfélaginu. Ég skora á okkur öll að reka áróður fyrir því ágæta starfi sem fram fer hjá okkur í eðlilegu árferði svo fjölga megi í félaginu.” **Sjá fskj. 1.**

2.2 Menningar- og skemmtinefnd

Benedikt Steingrímsson formaður upplýsti að unnt hefði verið á árinu 2020 að hafa svokallað Opið hús í janúar- og febrúarmánuði. Í janúar gladdi skemmtikrafturinn Jóhannes Kristjánsson með eftirhermum og öðrum skemmtilegheitum og í febrúar sýndi ungt fólk frá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur dans í framhaldi aðalfundar. Þar með var Opnu húsi lokið. Unnt var að halda námskeið um Mosfellsheiði í janúar-febrúar 2020. Kennari: Bjarki Bjarnason. Því miður varð að fresta dagsferð um heiðina að loknu námskeiðinu en áætlað er að fara í ferðina 11. júní nk. Vonandi verður hægt að halda Opið hús að nýju í haust, þ.e. annan mánudag í hverjum mánuði frá og með október en óljóst með húsnæði, Hlégarður eða Harðarból?. Að lokum taldi hann upp nefndarmenn sem eru óbreyttir frá síðasta aðalfundi.

2.3 Íþróttanefnd

Ólöf Örnólfsdóttir formaður flutti eftirfarandi skýrslu en hún tók við af Pétri Guðmundssyni sl. sumar:

“Í stjórn FaMos, íþróttanefnd, eru Ólöf Örnólfsdóttir formaður og meðstjórnendur Hafdís Pétursdóttir, Sigrún Kröyer og Ursula Jünemann.

Eftir stjórnarskiptin í júní höfðum við tvo stjórnarfundi til að koma mér inn í starfsemi nefndarinnar og kynnast. Svo byrjuðum við að skipuleggja veturinn í ágúst og ætluðum aldeilis að vera snemma í því og gera allt tilbúið fyrir veturinn. Fyrsti stjórnarfundur okkar var 24. ágúst 2020. Við byrjuðum á að setja niður hvaða íþróttagreinir nefndin hefði í sinni umsjá og hvaða tíma við fengjum hjá íþróttahúsunum.

Þær eru sem sagt:

Vatnsleikfimin (sem er vinsælust), **Dansleikfimin**, **Boccia**, **Ringó**, **Púttæfingar** í Golfskálanum, **Línudans** og **Gönguferðir**. Einnig langaði okkur að reyna með **Gömlu dansana** en það varð eitthvað að bíða.

Sem sagt, við reyndum að koma þessu sem fyrst af stað og 2. sept. byrjaði **Dansleikfimin** svo **Ringó** 10. sept., **Vatnsleikfimin** 16. sept. og **Boccia** 23. sept. **Gönguferðirnar**, sem áttu að vera á fimmtudögum kl. 14.00, heppnuðust ekki og lágu því niðri fram í febrúar. **Púttæfingarnar** lágu einnig niðri fram yfir áramót, en byrjuðu þá. **Línudansinn** byrjaði aldrei og vonandi getum við gert bót á því næsta vetur. Einnig væri gaman geta boðið upp á **Gömlu dansana**.

Svo kom Covid og öllu var skellt í lás 5. október. Það átti bara að vera í 2 vikur og var auglýst þannig en raunin varð önnur eins og við öll vitum.

Eftir áramótin fórum við að gæla við að byrja starfsemina aftur, en það dróst til enda janúar.

Svo byrjaði dansleikfimin 20. janúar en vatnsleikfimin byrjaði svo ekki fyrr en 15. febrúar. 1., 2. og 3. mars byrjaði svo öll starfsemin aftur eftir langt hlé og mikill var léttirinn og gaman fyrir félagsmenn að hittast aftur.

Svo var blásið til stórfundar sameiginlega hjá Félagsstarfinu og Íþróttanefndinni í Fellinu við Varmá 17. febrúar. Áætlað var að stofna skipulagðar gönguferðir og var fundurinn vel sóttur. Eftir rússneska kosningu á fundinum var ákveðið að hafa þetta á miðvikudögum kl. 13.00 og reyna að láta gönguna henta öllum. Við fengum nokkra félagsmenn til að leiða gönguhópana og það gekk bara vel að fá sjálfboðaliða, þannig að 8 manns skipta dögnum á milli sín og hefur það gengið sæmilega. Við ætlum ekki að hafa neitt frí frá þessum göngum og halda áfram allt árið á miðvikudögum.

Ganga styrkir lungu og hjarta, minnkar líkur á hjartasjúkdómum, lækkar blóðþrýsting, styrkir liði og bein og eykur jafnvægi. Þetta voru hvatningarorð til okkar frá Guðjóni Svanssyni lýðheilsusérfræðingi sem er mikill áhugamaður um hreyfingu eldra fólks.

Þetta hefur verið mikið púsl allt saman en gekk þó ágætlega þrátt fyrir allt.

Það verður landsmót í haust hjá Félagi áhugafólks um íþróttir aldraðra í Borgarbyggð, nánar 27. – 29. ágúst, og ætlum við að reyna að taka eitthvað þátt í því.

Að lokum vil ég segja að við erum byrjaðar að huga að haustinu og gefum allar kost á okkur áfram." **Sjá fskj. 2.**

2.4 Vorboðar

Jóhanna B. Magnúsdóttir formaður flutti eftirfarandi skýrslu:

“Vorboðar er blandaður kór eldri borgara. Kórinn var stofnaður 16. desember 1989.

Kórfélagar eru nú um 45 manns. Við venjulegar aðstæður eru æfingar kórsins einu sinni í viku og fara fram í safnaðarheimili Lágafellssóknar við Þverholt. Stjórnandi kórsins er Hrönn Helgadóttir.

Kórinn starfar sjálfstætt með styrk frá Mosfellsbæ og eftir að Félag aldraðra í Mosfellsbæ var stofnað hefur kórinn starfað með góðum stuðningi félagsins.

Á síðasta starfsári stóð til að halda upp á 30 ára starfsafmæli kórsins með tónleikum í Guðriðarkirkju. Það varð auðvitað ekkert af því og enn hefur staðan í þjóðfélaginu ekki boðið upp á það. Reyndar hefur starfsemin nánast legið niðri, örfáar æfingar og þar af leiðandi hefur kórinn ekkert komið fram.

En á þessum fáu æfingum sem hægt hefur verið að halda hefur verið ótrúlega góð mæting og kórfélagar ákveðnir í að viðhalda hinu skemmtilega starfi kórsins.

Núna er kórinn nýkominn úr velheppnaðri ferð til Vestmannaeyja og í júní mun verða haldin sumarhátíð og í ágúst er ferð um Reykjanes á dagskránni. Síðan verður aðalfundur haldinn í september eins og hefð er fyrir.

Á síðasta aðalfundi fór Úlfhildur Geirsdóttir frá sem formaður, en sem betur fer veitir hún stjórninni enn ómetanlegan stuðning.

Vorboðar taka fagnandi móti nýjum félögum sem vilja taka þátt í metnaðarfullu og skemmtilegu kórastarfi.

Eftir aðalfund kórsins í september 2020 er stjórnin þannig skipuð:

Jóhanna B. Magnúsdóttir, formaður, sími 899-0378

Elísabet Kristjánsdóttir, varaformaður, sími 696-8367

Þrúður Helgadóttir, gjaldkeri, sími 694-9244

Kristbjörg Steingrímsdóttir, ritari, sími 898-3947

Guðný Þorgeirsdóttir, meðstjórnandi, sími 899-6127” **Sjá fskj. 3.**

2.5 Ferðanefnd

Margrét J. Ólafsdóttir, formaður nefndarinnar, er í veikindaleyfi. Jóhanna B. Magnúsdóttir, sem er nýkomin í nefndina, flutti eftirfarandi skýrslu:

“Áður en kórónuveiran COVID-19 skall á þjóðinni af miklum þunga fyrir vel rúmu ári síðan sluppu fyrir milligöngu ferðanefndar og ferðaskrifstofunnar VITA 27 kátir og hressir FaMos-félagar til Tenerife. Á kynningarfundum með fararstjóra sem haldinn var 18. febrúar skráðu sig 37 manns en 10 manns helltust úr lestinni af ýmsum ástæðum. Um var að ræða tímabilið 4.–18. mars sl. Gist var á Hotel La Siesta sem var mjög vel staðsett. Ferðalangar undu sér vel í sól og blíðu en því miður varð minna um skoðunarferðir en ætlað var. Útgöngubann skall á einum og hálfum degi fyrir brottför en heim var flogið á áætluðum tíma hvar beið endurnærðra ferðalanga hálfsmánaðar sóttkví.

Á dagskrá var að fara í síðsumarsferð að Flúðum 11. ágúst sl. í samstarfi við félagsstarfið að Eirhömrum. Borða skyldi á flottum veitingastað hjá Flúðasveppum og fá stutta kynningu á starfseminni. Í framhaldinu var ætlunin að fara í hellaskoðun í Landssveit. Þessi ferð gekk ekki eftir vegna fjöldatakmarkana á covid-tímum. Ferðanefndin vonast til að þessi eða svipuð ferð líti dagsins ljós seinna í sumar en þá ætti að vera búið að bólusetja alla FaMos-félaga í bak og fyrir.

Utanlandsferð er ekki á dagskrá þetta árið.

F.h. ferðanefndar,
Margrét J. Ólafsdóttir, formaður
Jóhanna B. Magnúsdóttir
Snjólaug Sigurðardóttir” **Sjá fskj. 4.**

Að loknum flutningi skýrslna bauð fundarstjóri upp á umræður en engin kvað sér hljóðs og því allir sátir.

3. Reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og afgreiðslu

Ingólfur formaður, í fjarveru Margrétar J. Ólafsdóttur gjaldkera, fór yfir ársreikning FaMos árið 2020 en reikningnum hafði verið dreift á borð fundarmanna. Hann upplýsti m.a. að til einföldunar varðandi tekjur og gjöld vegna íþróttaiðkunar og menningar- og skemmtinefndar væri einungis færð nettóniðurstaðan. Þetta væri e.t.v. ekki nógu lýsandi og væntanlega ekki endurtekið að ári. Hann upplýsti jafnframt að félagsgjöld til LEB hefðu hækkað um kr. 100 pr. féлага og að innheimta félagsgjalda hefði gengið vel. Tekjur umfram gjöld eru kr. 6.349.172.

Sjá ársreikning FaMos árið 2020 fskj. 5.

Hér gaf fundarstjóri orðið laust. Grétar Snær Hjartarson tók til máls og gerði athugasemd við að innheimtubóknun Arionbanka væri talin með félagsgjöldum en ekki sem þjónustugjöld. Ingólfur kvað þetta réttmæta ábendingu. Þorsteinn Birgisson bað um skýringu á fjölda reikninga. Ingólfur upplýsti um tilgang þeirra en sagði að til stæði að fækka þeim um einn eða tvo. Í framhaldinu var reikningurinn samþykktur.

4. Lagabreytingar engar á dagskrá.

5. Ákvörðun árgjalds

Samþykkt var óbreytt árgjald að fjárhæð kr. 2.750 enda lítið um starfsemi á covid-tímum.

6. Kosning stjórnar og varamanna.

Margrét gjaldkeri og Kristbjörg meðstjórnandi hafa nú lokið tveggja ára stjórnarsetu sinni. Þær gefa báðar kost á sér til endurkjörs. Voru þær samþykktar samhljóða. Jóhanna B. Magnúsdóttir og Þorsteinn Birgisson gefa kost á sér sem varamenn og voru þau samþykkt samhljóða. Ingólfur formaður, Snjólaug og Úlfhildur sitja áfram í stjórninni.

Aðalstjórn FaMos starfsárið 2021-2022 er því skipuð eftirtöldum aðilum:

Ingólfur Hrólfsson formaður kennitala: 230546-3559

Kristbjörg Steingrímsdóttir kennitala: 291050-2049

Margrét J. Ólafsdóttir kennitala: 260248-2519

Snjólaug Sigurðardóttir kennitala: 120243-4629

Úlfhildur Geirsdóttir kennitala: 270342-3459

7. Kosning skoðunarmanna ársreikninga

Ólafur Gunnarsson og Sara Elíasdóttir gefa kost á sér til endurkjörs sem aðalskoðunarmenn og voru þau samþykkt samhljóða. Kolbrún Jónsdóttir gefur kost á sér sem varaskoðunarmaður og var hún samþykkt samhljóða.

8. Kosning fulltrúa á landssambandsfund LEB

Tillaga stjórnar um þau Ingólf, Kristbjörgu og Snjólaugu sem aðalfulltrúa var samþykkt samhljóða. Jafnframt var samþykkt samhljóða tillaga stjórnar um að þau Jóhanna B., Margrét og Úlfhildur yrðu varafulltrúar.

9. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 20:50.

Í framhaldinu kynnti Benedikt, formaður menningar- og skemmtinefndar, Helga R. Einarsson til leiks en hann skemmti fundarmönnum með lestri limra auk gítarleiks og söngs sem tekið var vel undir. FaMos bauð í lokin upp á kaffiveitingar.

Hér skal tekið fram að þátttakendur voru alls 38 og því vel undir 50 manna samkomutakmörkun.

Ritari: Snjólaug Sigurðardóttir (sign.)

Fundarstjóri: Jónas Sigurðsson (sign.)

Stjórnarformaður FaMos: Ingólfur Hrólfsson (sign.)

